Hagtíðindi
Statistical Series



2013:8 • 10. júní 2013

# Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2013

## *Quarterly government accounts, 1st quarter 2013*

*Samantekt*

**Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 8,2 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2013 sem er lakari niðurstaða en á sama tíma 2012 er hún var neikvæð um 6,7 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 4,5% af tekjum hins opinbera.**

**Heildartekjur hins opinbera jukust um 3,1% milli 1. ársfjórðungs 2012 og 2013. Tekjuaukningin skýrist fyrst og fremst af auknum tekjusköttum og vöru- og þjónustusköttum.**

**Heildarútgjöld hins opinbera jukust um 3,8% milli 1. ársfjórðungs 2012 og 2013. Sú útgjaldaaukning skýrist aðallega af meiri launa- og vaxtakostnaði. Magnbreyting samneyslu hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2013 mældist 0,9% en var -1,0% fyrir sama ársfjórðung 2012.**

**Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.958 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2013 sem samsvarar 107,2% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 848 milljarða króna í lok ársfjórðungsins, en það samsvarar 46,4% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs dróst saman um 98,4 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2012 og 2013.**

## Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2013 jukust um 3,1% frá sama tíma í fyrra*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, eru áætlaðar 183,2 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2013 samanborið við 177,6 milljarða króna á sama tímabili 2012. Skatttekjur og tryggingagjöld skila hinu opinbera 158,5 milljörðum króna samanborið við 153 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2012.

*Útgjöld jukust um 3,8%*

Á 1. ársfjórðungi 2013 benda áætlanir til þess að heildarútgjöld hins opinbera verði 191,4 milljarðar króna samanborið við 184,3 milljarða króna árið 2012. Aukningin nemur 3,8% milli ára. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun, kaup á vöru og þjónustu, félagslegar tilfærslur til heimila og vaxtagjöld. Magnbreyting samneyslu hins opinbera var 0,9% á fyrsta ársfjórðungnum og er það þriðji ársfjórðungurinn í röð þar sem magnbreytingin er jákvæð.

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af VLF ársfjórðungs**
*Figure 1. General government financial balance as percent of quarterly GDP*




**Skýringar** *Notes*: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfj. 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum og sömuleiðis ekki 55,5 milljarða áfallin ríkisábyrgð á 4. ársfj. 2010. Áfallin ríkisábyrgð fyrir 19 ma.kr. er meðtalin í 4. ársfj. 2011 og einnig áætluð ríkisábyrgð fyrir 13 ma.kr. á 4. ársfj. 2012. *The central government debt assumption due to called guarantees of 192 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure and as well 55.5 billion ISK in 4. quarter 2011. Guarantees are included in 4. quarter 2011 for 19 billion ISK and in 4. quarter 2012 for 13 billion ISK.*

*Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 8,2 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2013*

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 8,2 milljarð króna á 1. ársfjórðungi 2013 sem er nokkuð lakari niðurstaða en á sama tíma 2012 er hún var neikvæð um 6,7 milljarða króna. Tekjuhallinn nam 1,9% af landsframleiðslu ársfjórðungsins eða 4,5% af tekjum hins opinbera.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2012 og 2013**
*Table 1. General government finances in 1st quarter 2012 and 2013*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2012 1. ársfj. *1st quart.* | 2013 1. ársfj. *1st quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2011 | Bráðab. *Prelim.* 2012 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 177,6 | 183,2 | 3,1 | 680,7 | 735,4 | 8,0 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 184,3 | 191,4 | 3,8 | 771,8 | 793,9 | 2,9 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 5,8 | 5,9 | 0,4 | 29,7 | 31,4 | 6,0 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -6,7 | -8,2 | • | -91,1 | -58,5 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -3,8 | -4,5 | • | -13,4 | -8,0 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -1,6 | -1,9 | • | -5,6 | -3,4 | • |

## Ríkissjóður

*Tekjuhalli ríkissjóðs var 9,1 milljarður króna á 1. ársfjórðungi 2013*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 133,7 milljarðar króna á 1. ársfjórðungi 2013 og heildarútgjöld 142,8 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um 9,1 milljarð króna á fyrsta ársfjórðungi, eða sem nemur 2,1% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs aukist um 3,3% frá sama tíma 2012 og útgjöldin

um 4,7%. Tekjujöfnuðurinn er því lakari en á 1. ársfjórðungi 2012 er hann var neikvæður um 7,1 milljarð króna.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 1. ársfjórðungi 2012 og 2013**
*Table 2. Central government finances in 1st quarter 2012 and 2013*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2012 1. ársfj. *1st quart.* | 2013 1. ársfj. *1st quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2011 | Bráðab. *Prelim.* 2012 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 129,4 | 133,7 | 3,3 | 495,8 | 537,5 | 8,4 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 136,5 | 142,8 | 4,7 | 588,4 | 597,6 | 1,6 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 2,2 | 2,5 | 15,5 | 13,2 | 14,7 | 11,5 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -7,1 | -9,1 | • | -92,6 | -60,1 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -5,5 | -6,8 | • | -18,7 | -11,2 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -1,7 | -2,1 | • | -5,7 | -3,5 | • |

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 116,8 milljörðum króna eða 87,4% tekna hans. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga, launakostnaður og kaup á vöru og þjónustu umfangsmestu útgjaldaliðirnir. Magnbreyting samneyslu ríkissjóðs mældist 1,4% á fyrsta ársfjórðungi en á sama tíma 2012 var hún -2,9%.

*Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur rýrnað um 98,4 milljarða króna milli 1. ársfjórðungs 2012 og 2013*

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu 1.110 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2013 eða sem nemur 60,7% af landsframleiðslu og hafa þær minnkað um 37,1 milljarð króna frá sama ársfjórðungi 2012. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs aukist um 3,2%, en þær námu 1.958 milljörðum króna í lok 1. ársfjórðungs 2013. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu skuldirnar 107,2% á fyrsta ársfjórðungi 2013 en voru 110,4% á fyrsta ársfjórðungi 2012. Peninglegar eignir umfram skuldir eru því neikvæðar um 848,3 ma.kr. í lok 1. ársfjórðungs 2013 sem nemur 46,4% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um 43,7% af landsframleiðslu á sama ársfjórðungi 2012.

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*



## Sveitarfélög

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 0,7 milljarða króna á 1. ársfjórðungi 2013*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 1. ársfjórðungi 2013 eru áætlaðar 57 milljarðar króna og heildarútgjöld 57,7 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 0,7 milljarðar króna. Þetta er hagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2012 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 1,2 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa aukist um 3,9% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin um 2,9%.

*Um þrír fimmtu hlutar tekna sveitarfélaga eru útsvarstekjur*

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 33,7 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2013, eða 59% tekna þeirra. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 45,9% útgjaldanna. Kaup á vöru og þjónustu er annar stærsti útgjaldaliðurinn eða 32,2% af heildargjöldum. Magnbreyting samneyslu sveitarfélaga mældist 0,6% á fyrsti ársfjórðungi en var 1,8% á sama ársfjórðungi í fyrra.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 1. ársfjórðungi 2012 og 2013**
*Table 3. Local government finances in 1st quarter 2012 and 2013*

| Fjárhæðir í milljörðum króna *Figures in billion ISK* | 2012 1. ársfj. *1st quart.* | 2013 1. ársfj. *1st quart.* | Breyting, % *Change, %* | 2011 | Bráðab. *Prelim.* 2012 | Breyting, % *Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur *Revenue* | 54,9 | 57,0 | 3,9 | 214,7 | 226,7 | 5,6 |
| 2. Heildarútgjöld *Expenditure* | 56,1 | 57,7 | 2,9 | 219,4 | 231,5 | 5,5 |
| 2.1 Fjárfesting *Investment* | 3,6 | 3,3 | -8,7 | 16,5 | 16,7 | 1,5 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -1,2 | -0,7 | • | -4,8 | -4,8 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum *Fin. bal. % of revenue* | -2,3 | -1,3 | • | -2,2 | -2,1 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF *Financial bal. % of GDP* | -0,3 | -0,2 | • | -0,3 | -0,3 | • |

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Auk mánaðarhefta eru fjárlög notuð við matið. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna eru notuð gögn sem safnað er í gegnum upplýsingaveitu sveitarfélaganna. Veitan er samstarfsverkefni Hagstofunnar, innanríkisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún er vistuð hjá Hagstofu sem jafnframt sér um söfnun gagna frá sveitarfélögunum. Gögnin eru á rekstargrunni en einnig er stuðst við fjárhagsáætlanir sem sveitarfélögin skila inn í veituna. Mat á fjárfestingu sveitarfélaganna er byggt á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið í heild

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munurinn á þessum tveimur mælikvörðum er því fólginn í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 1st quarter of 2013, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 8.2 billion ISK in deficit or 1.9% of quarterly GDP and 4.5% of general government total revenue. This can be compared with 6.7 billion ISK in deficit in the 1st quarter of 2012 or 1.6% of GDP in that quarter.

The general government total revenue has increased by 3.1% between the 1st quarters of 2012 and 2013, or from 177.6 billion ISK to 183.2 billion ISK. This increase can mainly be explained by increased revenue from income taxes and taxes on goods and services. The total expenditure increased at the same time by 3.8%, or from 184.3 billion ISK in 2012 to 191.4 billion ISK in 2013. The main reasons are increase in wages and salaries and interest cost.

The central government total liabilities at the end of the 1st quarter 2013 amounted to 1,958 billion ISK or 107.2% of the GDP. Taking account of its financial assets, the net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 848 billion ISK or 46,4% of the GDP, compared with a negative net financial asset of 43.7% of the GDP in the same period in 2012. Consequently, the central government net financial asset position has deteriorated by 98,4 billion ISK between the 1st quarters 2012 and 2013.

The revenue and expenditure figures for the general government and its subsectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

## Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2013
*Table 4. Quarterly Government Finances 2010–2013*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildar-tekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | — þar af fjárfesting<br>*— thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1–2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekjujöfnuður hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera** ***The General Government*** | | | | | | |
| **2010** | **637,3** | **791,9** | **44,7** | **-154,6** | **-24,3** | **-10,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 153,7 | 175,0 | 8,5 | -21,3 | -13,9 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 156,1 | 182,3 | 11,0 | -26,2 | -16,8 | -1,7 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 165,4 | 185,8 | 14,3 | -20,4 | -12,3 | -1,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 162,2 | 248,9 | 10,8 | -86,7 | -53,4 | -5,6 |
| **2011** | **680,7** | **771,8** | **29,7** | **-91,1** | **-13,4** | **-5,6** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 162,2 | 174,9 | 5,6 | -12,7 | -7,8 | -0,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 167,1 | 185,1 | 7,1 | -18,1 | -10,8 | -1,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 179,1 | 192,5 | 8,5 | -13,3 | -7,4 | -0,8 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 172,3 | 219,2 | 8,5 | -47,0 | -27,3 | -2,9 |
| **2012** | **735,4** | **793,9** | **31,4** | **-58,5** | **-8,0** | **-3,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 177,6 | 184,3 | 5,8 | -6,7 | -3,8 | -0,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 183,1 | 193,5 | 7,5 | -10,3 | -5,7 | -0,6 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 188,1 | 196,1 | 9,0 | -8,0 | -4,2 | -0,5 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 186,6 | 220,0 | 9,1 | -33,5 | -17,9 | -2,0 |
| **2013** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 183,2 | 191,4 | 5,9 | -8,2 | -4,5 | -0,5 |
| **Ríkissjóður** ***The Central Government*** | | | | | | |
| **2010** | **470,8** | **614,4** | **23,5** | **-143,6** | **-30,5** | **-9,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 112,0 | 133,9 | 3,9 | -21,9 | -19,6 | -1,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 115,4 | 138,6 | 5,8 | -23,2 | -20,1 | -1,5 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 123,4 | 140,6 | 8,0 | -17,2 | -13,9 | -1,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 119,9 | 201,3 | 5,7 | -81,4 | -67,9 | -5,3 |
| **2011** | **495,8** | **588,4** | **13,2** | **-92,6** | **-18,7** | **-5,7** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 119,6 | 130,4 | 2,0 | -10,8 | -9,0 | -0,7 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 120,7 | 137,9 | 3,0 | -17,1 | -14,2 | -1,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 131,1 | 147,1 | 3,6 | -16,0 | -12,2 | -1,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 124,4 | 173,0 | 4,6 | -48,6 | -39,1 | -3,0 |
| **2012** | **537,5** | **597,6** | **14,7** | **-60,1** | **-11,2** | **-3,5** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 129,4 | 136,5 | 2,2 | -7,1 | -5,5 | -0,4 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 132,4 | 143,4 | 3,4 | -10,9 | -8,3 | -0,6 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 139,2 | 147,4 | 4,0 | -8,1 | -5,8 | -0,5 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 136,4 | 170,4 | 5,1 | -34,0 | -24,9 | -2,0 |
| **2013** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 133,7 | 142,8 | 2,5 | -9,1 | -6,8 | -0,5 |

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2010–2013 (frh.)
*Table 4. Quarterly Government Finances 2010–2013 (cont.)*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildar-tekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | — þar af fjárfesting<br>*— thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1–2)* | Tekjujöfnuður hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekjujöfnuður hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sveitarfélög** ***The Local Governments*** | | | | | | |
| **2010** | **192,6** | **205,5** | **21,2** | **-12,9** | **-6,7** | **-0,8** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 47,7 | 49,6 | 4,6 | -1,7 | -3,5 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 47,2 | 51,8 | 5,2 | -4,8 | -10,2 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur 3rd *quarter* | 48,6 | 51,8 | 6,3 | -3,4 | -7,0 | -0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 49,0 | 52,3 | 5,1 | -3,0 | -6,1 | -0,2 |
| **2011** | **214,7** | **219,4** | **16,5** | **-4,8** | **-2,2** | **-0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 49,3 | 52,3 | 3,6 | -3,0 | -6,1 | -0,2 |
| 2. ársfjórðungur 2nd *quarter* | 53,4 | 55,1 | 4,0 | -1,8 | -3,3 | -0,1 |
| 3. ársfjórðungur 3rd *quarter* | 56,0 | 56,0 | 4,9 | 0,1 | 0,2 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 56,0 | 56,0 | 4,0 | -0,1 | -0,1 | 0,0 |
| **2012** | **226,7** | **231,5** | **16,7** | **-4,8** | **-2,1** | **-0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 54,9 | 56,1 | 3,6 | -1,2 | -2,3 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur 2nd *quarter* | 57,7 | 58,6 | 4,1 | -0,9 | -1,6 | -0,1 |
| 3. ársfjórðungur 3rd *quarter* | 56,3 | 58,0 | 5,0 | -1,7 | -3,0 | -0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 57,8 | 58,7 | 4,0 | -1,0 | -1,7 | -0,1 |
| **2013** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 57,0 | 57,7 | 3,3 | -0,7 | -1,3 | 0,0 |
| **Almannatryggingar** ***The Social Security Funds*** | | | | | | |
| **2010** | **142,9** | **141,0** | **0,0** | **2,0** | **1,4** | **0,1** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 36,0 | 34,4 | 0,0 | 1,5 | 4,3 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 36,0 | 34,1 | 0,0 | 1,9 | 5,3 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur 3rd *quarter* | 35,0 | 34,7 | 0,0 | 0,3 | 0,9 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 35,9 | 37,8 | 0,0 | -1,8 | -5,0 | -0,1 |
| **2011** | **160,4** | **154,2** | **0,0** | **6,2** | **3,9** | **0,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 36,4 | 35,2 | 0,0 | 1,1 | 3,1 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur 2nd *quarter* | 38,5 | 37,7 | 0,0 | 0,8 | 2,1 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur 3rd *quarter* | 42,6 | 40,0 | 0,0 | 2,6 | 6,1 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 43,0 | 41,3 | 0,0 | 1,7 | 3,9 | 0,1 |
| **2012** | **163,9** | **157,5** | **0,0** | **6,4** | **3,9** | **0,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 39,7 | 38,1 | 0,0 | 1,6 | 4,0 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur 2nd *quarter* | 39,8 | 38,3 | 0,0 | 1,5 | 3,8 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur 3rd *quarter* | 41,5 | 39,6 | 0,0 | 1,9 | 4,5 | 0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 43,0 | 41,5 | 0,0 | 1,5 | 3,4 | 0,1 |
| **2013** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 40,4 | 38,7 | 0,0 | 1,6 | 4,0 | 0,1 |

## Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2011–2013

*Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2011–2013*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna / *Billion ISK at current prices* | 2011 Alls *Total* | 2012 Alls *Total* | 2012 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2013 Á *Q* I |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **680,7** | **735,4** | **177,6** | **183,1** | **188,1** | **186,6** | **183,2** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 517,8 | 563,8 | 136,8 | 140,0 | 145,8 | 141,1 | 142,0 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 266,8 | 289,2 | 69,2 | 73,5 | 72,6 | 73,9 | 72,8 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,9 | 5,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,5 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 38,0 | 40,2 | 10,3 | 10,0 | 9,9 | 10,1 | 10,4 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 196,3 | 212,1 | 52,2 | 50,7 | 57,2 | 52,1 | 53,7 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 7,3 | 7,6 | 1,6 | 1,9 | 1,8 | 2,3 | 1,5 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 6,6 | 9,1 | 2,2 | 2,6 | 3,0 | 1,4 | 2,1 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 66,8 | 65,9 | 16,2 | 16,0 | 16,8 | 17,0 | 16,5 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 2,9 | 3,5 | 0,7 | 0,9 | 1,0 | 0,9 | 0,7 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 93,1 | 102,2 | 23,8 | 26,3 | 24,6 | 27,5 | 24,0 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **771,8** | **793,9** | **184,3** | **193,5** | **196,1** | **220,0** | **191,4** |
| 21 Laun *Wages* | 236,8 | 253,3 | 60,1 | 64,8 | 63,3 | 65,2 | 63,7 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 191,4 | 195,6 | 46,3 | 49,0 | 47,4 | 52,9 | 47,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 35,1 | 37,0 | 9,1 | 9,3 | 9,3 | 9,3 | 9,6 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 84,1 | 91,3 | 21,6 | 21,9 | 23,6 | 24,2 | 23,2 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 29,1 | 29,3 | 7,3 | 7,3 | 7,1 | 7,7 | 7,6 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 4,5 | 3,2 | 0,6 | 0,8 | 0,7 | 1,1 | 0,6 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 138,3 | 135,9 | 32,9 | 32,6 | 34,9 | 35,6 | 33,1 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 57,8 | 53,8 | 9,8 | 9,6 | 10,1 | 24,3 | 10,3 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 29,7 | 31,4 | 5,8 | 7,5 | 9,0 | 9,1 | 5,9 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -35,1 | -37,0 | -9,1 | -9,3 | -9,3 | -9,3 | -9,6 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-91,1** | **-58,5** | **-6,7** | **-10,3** | **-8,0** | **-33,5** | **-8,2** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-13,380** | **-7,959** | **-3,8** | **-5,7** | **-4,2** | **-17,9** | **-4,5** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-5,581** | **-3,427** | **-0,4** | **-0,6** | **-0,5** | **-2,0** | **-0,5** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **41,712** | **43,051** | **10,4** | **10,7** | **11,0** | **10,9** | **10,2** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **47,293** | **46,478** | **10,8** | **11,3** | **11,5** | **12,9** | **10,7** |

**Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2011–2013**
*Table 6. Quarterly Central Government Revenue and Expenditure 2011–2013*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2011 Alls *Total* | 2012 Alls *Total* | 2012 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2013 Á *Q* I |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **495,8** | **537,5** | **129,4** | **132,4** | **139,2** | **136,4** | **133,7** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 362,0 | 395,3 | 96,4 | 97,0 | 103,5 | 98,4 | 100,3 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 140,2 | 151,9 | 36,6 | 38,4 | 38,2 | 38,7 | 39,1 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,9 | 5,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,5 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 9,8 | 11,8 | 3,2 | 2,9 | 2,8 | 3,0 | 3,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 195,2 | 209,4 | 51,5 | 49,8 | 56,3 | 51,7 | 53,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 7,3 | 7,6 | 1,6 | 1,9 | 1,8 | 2,3 | 1,5 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 6,6 | 9,1 | 2,2 | 2,6 | 3,0 | 1,4 | 2,1 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 66,8 | 65,9 | 16,2 | 16,0 | 16,8 | 17,0 | 16,5 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 9,4 | 10,3 | 2,3 | 2,5 | 2,7 | 2,8 | 2,4 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 57,6 | 65,8 | 14,5 | 16,9 | 16,2 | 18,2 | 14,5 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **588,4** | **597,6** | **136,5** | **143,4** | **147,4** | **170,4** | **142,8** |
| 21 Laun *Wages* | 121,1 | 129,7 | 30,6 | 33,2 | 32,4 | 33,6 | 32,6 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 91,5 | 91,4 | 20,5 | 22,7 | 22,7 | 25,5 | 20,7 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 25,6 | 27,0 | 6,6 | 6,8 | 6,8 | 6,8 | 7,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 75,6 | 83,2 | 19,5 | 19,9 | 21,6 | 22,2 | 21,1 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 24,5 | 24,5 | 6,1 | 6,1 | 5,9 | 6,5 | 6,4 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 187,7 | 188,5 | 45,2 | 45,8 | 47,7 | 49,7 | 46,7 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 28,1 | 23,5 | 5,4 | 5,6 | 5,9 | 6,5 | 5,3 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 46,8 | 42,1 | 6,9 | 6,6 | 7,2 | 21,4 | 7,5 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 13,2 | 14,7 | 2,2 | 3,4 | 4,0 | 5,1 | 2,5 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -25,6 | -27,0 | -6,6 | -6,8 | -6,8 | -6,8 | -7,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-92,6** | **-60,1** | **-7,1** | **-10,9** | **-8,1** | **-34,0** | **-9,1** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-18,668** | **-11,181** | **-5,5** | **-8,3** | **-5,8** | **-24,9** | **-6,8** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-5,672** | **-3,518** | **-0,4** | **-0,6** | **-0,5** | **-2,0** | **-0,5** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **30,381** | **31,464** | **7,6** | **7,8** | **8,2** | **8,0** | **7,5** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **36,052** | **34,982** | **8,0** | **8,4** | **8,6** | **10,0** | **8,0** |

## Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2011–2013
*Table 7. Quarterly Local Government Revenue and Expenditure 2011–2013*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2011 | Alls | | | | | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* |
| | *Total* | *Total* | I | II | III | IV | I |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **214,7** | **226,7** | **54,9** | **57,7** | **56,3** | **57,8** | **57,0** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 155,8 | 168,4 | 40,4 | 43,0 | 42,3 | 42,7 | 41,7 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 126,6 | 137,3 | 32,7 | 35,1 | 34,3 | 35,2 | 33,7 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 28,2 | 28,4 | 7,1 | 7,1 | 7,1 | 7,1 | 7,3 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 1,0 | 2,7 | 0,7 | 0,8 | 0,8 | 0,4 | 0,7 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 24,8 | 23,4 | 5,5 | 5,7 | 6,0 | 6,1 | 6,2 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 34,0 | 34,9 | 8,9 | 8,9 | 8,0 | 8,9 | 9,1 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **219,4** | **231,5** | **56,1** | **58,6** | **58,0** | **58,7** | **57,7** |
| 21 Laun *Wages* | 98,8 | 105,6 | 25,1 | 27,0 | 26,4 | 27,1 | 26,5 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 68,1 | 72,3 | 18,1 | 18,3 | 17,4 | 18,4 | 18,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 9,5 | 10,0 | 2,5 | 2,5 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 8,6 | 8,1 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,2 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 4,3 | 4,5 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,1 | 1,2 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 1,2 | 1,2 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 11,7 | 12,3 | 3,1 | 3,1 | 3,1 | 3,1 | 3,2 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 10,3 | 10,8 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,7 | 2,5 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 16,5 | 16,7 | 3,6 | 4,1 | 5,0 | 4,0 | 3,3 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -9,5 | -10,0 | -2,5 | -2,5 | -2,5 | -2,5 | -2,5 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-4,8** | **-4,8** | **-1,2** | **-0,9** | **-1,7** | **-1,0** | **-0,7** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-2,213** | **-2,133** | **-2,3** | **-1,5** | **-3,2** | **-1,1** | **-1,3** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-0,291** | **-0,283** | **-0,1** | **-0,1** | **-0,1** | **-0,1** | **0,0** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **13,154** | **13,269** | **3,2** | **3,4** | **3,3** | **3,4** | **3,2** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **13,446** | **13,552** | **3,3** | **3,4** | **3,4** | **3,4** | **3,2** |

**Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2010–2012**

*Table 8. Quarterly Social Security Funds Revenue and Expenditure 2010–2012*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2011 | Alls | | | | | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* |
| | *Total* | *Total* | I | II | III | IV | I |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **160,4** | **163,9** | **39,7** | **39,8** | **41,5** | **43,0** | **40,4** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 158,9 | 162,4 | 39,3 | 39,4 | 41,1 | 42,6 | 40,0 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 1,5 | 1,5 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,4 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **154,2** | **157,5** | **38,1** | **38,3** | **39,6** | **41,5** | **38,7** |
| 21 Laun *Wages* | 16,9 | 18,0 | 4,3 | 4,7 | 4,5 | 4,5 | 4,6 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 31,7 | 31,9 | 7,6 | 8,0 | 7,3 | 9,0 | 7,7 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 0,3 | 0,3 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,0 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 5,8 | 6,3 | 1,4 | 1,5 | 1,6 | 1,7 | 1,5 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 98,5 | 100,1 | 24,4 | 23,9 | 25,9 | 26,0 | 24,6 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 0,8 | 0,9 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **6,2** | **6,4** | **1,6** | **1,5** | **1,9** | **1,5** | **1,6** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **3,9** | **3,9** | **4,0** | **3,8** | **4,5** | **3,4** | **4,0** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,4** | **0,4** | **0,1** | **0,1** | **0,1** | **0,1** | **0,1** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **9,8** | **9,6** | **2,3** | **2,3** | **2,4** | **2,5** | **2,3** |
| **Heildarútgjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **9,4** | **9,2** | **2,2** | **2,2** | **2,3** | **2,4** | **2,2** |

## Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2013
*Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2008–2013*

| | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Á *Q* | Á *Q* | Á *Q* | Á *Q* | Ársfj. *Quarters* | | Á *Q* |
| | IV | IV | IV | IV | I | IV | I |
| **Peningalegar eignir *Financial assets*** | **959.967** | **1.055.031** | **1.043.871** | **1.148.912** | **1.146.806** | **1.104.591** | **1.109.674** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 183.234 | 226.312 | 318.424 | 533.728 | 513.890 | 484.410 | 471.969 |
| Lánveitingar *Loans* | 477.989 | 361.278 | 248.046 | 146.994 | 158.676 | 160.679 | 160.417 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 194.802 | 334.410 | 343.596 | 343.296 | 345.500 | 334.704 | 335.026 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 103.942 | 133.030 | 133.805 | 124.894 | 128.740 | 124.798 | 142.262 |
| **Skuldir *Liabilities*** | **1.198.467** | **1.566.408** | **1.629.130** | **1.865.127** | **1.896.656** | 1.934.742 | **1.957.930** |
| Verðbréf *Securities* | 313.758 | 546.273 | 623.953 | 732.512 | 765.769 | 792.842 | 819.935 |
| Lántökur *Loans* | 622.193 | 634.177 | 611.921 | 735.971 | 703.994 | 710.115 | 687.423 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 304.361 | 277.802 | 270.792 | 288.220 | 282.115 | 276.843 | 275.162 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 317.832 | 356.375 | 341.129 | 447.751 | 421.879 | 433.272 | 412.261 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 231.292 | 342.911 | 339.807 | 345.109 | 372.999 | 372.999 | 388.626 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 31.224 | 43.047 | 53.449 | 51.535 | 53.894 | 58.786 | 61.946 |
| **Hrein peningaleg eign *Net financial assets*** | **-238.500** | **-511.377** | **-585.259** | **-716.215** | **-749.850** | **-830.151** | **-848.256** |
| **Hlutfall af vergri landsframleiðslu** | | | | | | | |
| ***% of Gross Domestic Product (GDP)*** | | | | | | | |
| **Peningalegar eignir *Financial assets*** | **64,8** | **70,4** | **67,9** | **70,6** | **66,8** | **67,9** | **60,7** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 12,4 | 15,1 | 20,7 | 32,8 | 29,9 | 29,8 | 25,8 |
| Lánveitingar *Loans* | 32,3 | 24,1 | 16,1 | 9,0 | 9,2 | 9,9 | 8,8 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 13,2 | 22,3 | 22,4 | 21,1 | 20,1 | 20,6 | 18,3 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 7,0 | 8,9 | 8,7 | 7,7 | 7,5 | 7,7 | 7,8 |
| **Skuldir *Liabilities*** | **81,0** | **104,6** | **106,0** | **114,7** | **110,4** | **119,0** | **107,2** |
| Verðbréf *Securities* | 21,2 | 36,5 | 40,6 | 45,0 | 44,6 | 48,7 | 44,9 |
| Lántökur *Loans* | 42,0 | 42,3 | 39,8 | 45,3 | 41,0 | 43,7 | 37,6 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 20,6 | 18,5 | 17,6 | 17,7 | 16,4 | 17,0 | 15,1 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 21,5 | 23,8 | 22,2 | 27,5 | 24,6 | 26,6 | 22,6 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 15,6 | 22,9 | 22,1 | 21,2 | 21,7 | 22,9 | 21,3 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 2,1 | 2,9 | 3,5 | 3,2 | 3,1 | 3,6 | 3,4 |
| **Hrein peningaleg eign *Net financial assets*** | **-16,1** | **-34,1** | **-38,1** | **-44,0** | **-43,7** | **-51,0** | **-46,4** |

Hagtíðindi
Statistical Series
98. árg. • 20. tbl.
ISSN 0019-1078

Þjóðhagsreikningar
*National accounts*
2013:8
ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7
Umsjón *Supervision* Hólmfríður S. Sigurðardóttir • holmfridur.sigurdardottir@hagstofa.is
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*